

Alþingi
Erindi nr. P 141/2039
komudagur 26.4.2013



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2013

Umsögn ÖBÍ við frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning. Þingskjal 1116 - 636. mál.

Frumvarp um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning er mjög umfangsmikið en við yfirferð þess kom ýmislegt í ljós sem þarfnast nánari skoðunar. Hér verður greint frá viðbrögðum bandalagsins við frumvarpið í heild en ÖBÍ áskilur sér rétt til þess að skila inn ítarlegri umsögn um einstakar greinar frumvarpsins síðar.

ÖBÍ vill byrja á því að lýsa yfir ánægju með að markmiðsgrein verði sett í lög sem er nýmæli og bandalagið hefur lagt mikla áherslu á að gert verði. Ljóst er að við gerð frumvarpsins hafa mannréttindasamningar, sem Ísland er aðili að, ekki verið hafðir til hliðsjónar. Því þarf að endurskoða frumvarpið í heild með tilliti til Mannréttinda-sáttmála Evrópu, Samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SPRFF).

Samkvæmt frumvarpinu eiga lög in að taka til þeirra sem þurfa bætur og stuðning vegna **skertrar starfsgetu**. Mikilvægt er að hafa í huga að dæmi eru um fatlað fólk með nánast enga starfsorku á meðan aðrir geta verið með ágæta starfsgetu ef þörfum þeirra hvað varðar þjónustu og aðstoð við að greiða kostnað vegna fötlunar s.s. hjálpartæki, lyf- og læknskostnað og vegna þjálfunar er mætt. Aðstoð almanna-tryggingakerfisins er mjög mikilvæg í þessu sambandi en margt fatlað fólk getur framfleytt sér ef það fær þá aðstoð sem það þarfnast og vinnu við hæfi. Því þarf að setja inn í markmiðsgreinina hugtakið fötlun og skilgreina fötlun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. SPRFF þar sem fötlun nær einnig yfir skerta starfsgetu.

Um frumvarpið og áherslur ÖBÍ.

Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að markmiðið með því er að styrkja stöðu aldraðra og fólks með skerta starfsgetu. Í því sambandi á að gera lífeyrisréttindi almannatryggingakerfisins einfaldari og skýrari.

ÖBÍ telur að ef frumvarpið verður samþykkt í núverandi mynd sé það ekki til hagsbóta fyrir lífeyrisþega og í andstöðu við áherslur bandalagsins. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er verið að leiðrétta kjör lífeyrisþega sem hafa orðið fyrir verulegum skerðingum á tekjum og réttindum frá bankahrúni. Þess í stað eru þær festar í sessi. Þá er lagt til að draga enn frekar úr réttindum miðað við núverandi kerfi, auka tekjutengingar og afnema frítekjumörk.

ÖBÍ telur brýnt að leiðréttu kjör lífeyrisþega verulega, draga úr tekjutengingum, hækka frítekjumörk og tekjuviðmið til að koma í veg fyrir að fólk festist í viðjum fátæktar. Miklar tekjutengingar draga úr möguleikum fólks til að lifa sjálfstæðu lífi, stunda vinnu, byggja upp varasjóð og stofna fjölskyldu. Leggja þarf áherslu á tryggingakerfi sem byggist á réttindum þar sem fólk getur lifað með reisn og hverfa frá ölmusukerfi þar sem lífeyrisþegum er gert að reyna að framfleyta sér á lágum bótum með miklum tekjutengingum.

Öryrkjabandalagið leggur áherslu á að:

- 69. gr. laga um almannatryggingar haldist óbreytt í sinni mynd og sé ekki tekin úr sambandi á fjárlögum í skjóli efnahagsástands.
- Kjör öryrkja og ellilífeyrisþega verði leiðrétt aftur í tímann þar sem þeir hafa orðið fyrir umtalsverðum kjaraskerðingum frá bankahruni.
- Þær réttindaskerðingar sem lífeyrisþegar urðu fyrir 1. júlí 2009 verði dregnar verði tilbaka og leiðréttar afturvirkir.
- Dregið verði verulega úr tekjutengingum almannatrygginga.
- Frítekjumörk og tekjuviðmið hækki umtalsvert. Setja þarf í lög að þau hækki reglulega og í takt við hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga.
- Lífeyrissjóðsgreiðslur skerði aldrei grunnlífeyri almannatrygginga.
- Aldurstengd örorkuuppbót verði viðbót við greiðslur almannatrygginga eins og hún var hugsuð í upphafi. Í dag valda tekjutengingar því að sú er ekki raunin hjá mörgum öryrkjum.
- Aldurstengd örorkuuppbót verði greidd áfram eftir 67 ára aldur og út ævina.
- Afnema nú þegar sérstaka uppbót til framfærslu og hækka grunnlífeyrinn sem því nemur, en hann hefur lækkað verulega að raungildi undanfarin ár.
- Réttur til framfærslu tilheyri einstaklingnum, óháð því hvort hann búi með öðrum eða ekki.

Með frumvarpinu eru meðal annars lagðar til eftirfarandi breytingar á almannatryggingakerfinu sem eru í berhögg við áherslur ÖBÍ:

- Gert er ráð fyrir nýju ákvæði sem segir til um að við ákvörðun bóta skuli jafnframt taka mið af þróun í efnahagsmálum. Með því yrði **dregið verulega úr réttarstöðu elli- og örorkulífeyrisþega** um hvernig bætur almannatrygginga skuli hækka á hverju ári, sem er mikil afturför. Með breytingunni er ætlunin að **lögfasta réttindaskerðingu** sem hefur verið viðhöfð frá bankahruni. Ef breytingin nær fram að ganga verður það alfarið í höndum stjórnvalda að taka ákvörðun um forgangsröðun í ríkisfjármálum sem getur bitnað harkalega á þeim sem þurfa að treysta á velferðarkerfið.
- Sameina á **þrjá bótaflokk** hjá ellilífeyrisþegum (ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót) til að einfalda kerfið. Í leiðinni á að ná fram auknum sparnaði með því að **auka á tekjutengingar** á þeim bótaflokkum þannig að þeir skerðast allir um 45% vegna tekna frá og með **1. júlí 2013**.

Í dag er mismunandi skerðingarhlutfall á ofangreindum bótaflokkum (hæst 45% á tekjutryggingu og lægst 11,3%). Minnt er á að við efnahagshrunið var skerðingarprósentan fyrir tekjutryggingu hækkuð úr 38,35% í 45% og átti sú hækkun að vera tímabundin út árið 2013. Með því að setja 45% skerðingarhlutfall á ofangreindan bótaflokk er sú skerðing fest í sessi. Það á einnig við um grunnlífeyrinn sem í fyrsta skipti í sögunni tók að skerðast vegna

tekna úr lífeyrissjóði frá og með 1. júlí 2009. Í frumvarpinu er sú skerðing ekki dregin tilbaka þrátt fyrir loforð að hún væri tímabundin í þrjú ár vegna efnahagsástandsins. **Hér er enn og aftur verið að festa í sessi þær skerðingar sem innleiddar voru á árinu 2009.**

- **Draga á úr skerðingaráhrifum sérstakrar uppbótar til framfærslu á nokkrum árum.** Í dag skerðist bótaflokkurinn 100% vegna allra skattskyldra tekna en á að lækka í skrefum og verður kominn í **45% árið 2017/2018.** Þessi tími er allt of langur og dýru verði keyptur **á kostnað annarra bótaflokka** hjá ellilífeyrisþegum sem gert er ráð fyrir að **breytast á þessu ári.** Enn er verið að lögfesta galla kerfisins, en bótaflokkurinn verður áfram án frítekjumarks.
- Til að einfalda almannatryggingakerfið enn frekar á að **afnema öll frítekjumörk hjá ellilífeyrisþegum.** Slíkt eykur tekjutengingar enn frekar en orðið er og þar með fátæktargildruna sem er í þversögn við áherslur ÖBÍ. Í dag eru mismunandi frítekjumörk á hverjum bótaflokki fyrir sig fyrir utan sérstaka uppbót til framfærslu sem er án frítekjumarks. ÖBÍ vill frekar sjá að frítekjumörk verði aukin til að auka sjálfsbjargarviðleitni fólks.
- Í lagafrumvarpinu er þess hvergi getið hvernig frítekjumörk og tekjuviðmið elli- og örorkulífeyrisþega skuli hækka. ÖBÍ leggur áherslu á að sett verði í lög að þau hækki reglulega í samræmi við hækkun lífeyrisgreiðslna. Frá bankahruni hafa þau verið fryst sem hefur aukið fátækt á bótum í kreppunni. Þegar bætur hafa hækkað lítilliga hefur sú hækkun ekki skilað sér til allra þar sem fólk verður fyrir auknum skerðingum á móti og bitnar það harðast á þeim tekjulægstu.

Til viðbótar því sem að ofan greinir eru ýmis ákvæði í lagafrumvarpinu sem breyta og skerða réttindi lífeyrisþega og bandalagið gerir athugasemdir við. ÖBÍ áskilur sér rétt til að senda inn ítarlegri umsögn við einstakar greinar frumvarpsins síðar.

Virðingarfyllt,
f.h. ÖBÍ,



Guðmundur Magnússon,
formaður.



Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri.